

Umsögn

Umsögn um erindisbréf

Málsnúmer: IE17080002

Númer skjals:

Skráð: 18. ágúst 2017

Eigandi skjals: Hallur Símonarson

Auðkenni

Dagsetning: 18. ágúst 2017

Fyrirtæki:

Nafn:

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Í reglum borgarinnar um starfs- og stýrihópa frá mars 2015 eru ákvæði um útgáfu erindisbréfa, þar á meðal eru að erindisbréf skulu innihalda heiti hóps, ábyrgðarmann, starfsmann, hlutverk hóps, helstu verkefni hóps, skipan, upplýsingar um ráðgjöf og samstarf, starfstímabil og skil og undirritun ábyrgðarmanns. Reglurnar voru hafðar til hliðsjónar við yfirferð á drögum að erindisbréfi ásamt skýrslu Innri endurskoðunar um stjórnun upplýsingatækni mála Reykjavíkurborgar frá maí 2017.

- **Heiti og hlutverk.** Heiti hópsins er lýsandi. Meginhlutverk hópsins er að hafa eftirlit með að upplýsingatækni rekstur borgarinnar við markmið og þarfir borgarinnar. Einnig mætti bæta við að hlutverk hópsins sé að hafa yfirsýn og þekkingu á upplýsingatækni málum borgarinnar. Þar sem starfshópurinn er skipaður sem viðvarandi vettvangur er spurning hvort þörf er á tilvísun í úttekt Innri endurskoðunar en ef áhugi er á því er bent á að vísa í nafn úttektar og útgáfudag.
- **Helstu verkefni.** Meðal verkefna starfshópsins ætti að vera að yfirfara áætlanir upplýsingatæknideildar og annara eininga sem fara með upplýsingatækni rekstur m.t.t. hvort þær samræmist stefnum og markmiðum borgarinnar. Yfirfara og samþykkja stærri ákvarðanir um vél- og hugbúnað, samþykkja og vakta framgang stærri verkefni s.s. innleiðingu hugbúnaða, hafa eftirlit með frammistöðu UTD deildar m.t.t. settra mælikvarða, yfirfara stefnuskjöl sem varða UTMál, koma með tillögum að stefnumörkun í UTMálum m.a. sem varðar útvistun ásamt því að leggja mat á hvort framlög til upplýsingatækni mála séu nægileg. Hluti af upptalningunni hér að ofan er tilgreint í erindisbréfinu en þetta mætti skýra betur.
- **Starfsmaður, skipan og undirritun ábyrgðarmanns.** Þar sem verksvið hópsins nær til allrar upplýsingatækni mála Rvík er við hæfi að fulltrúar hjá sviðum og skrifstofum í miðlægri þjónustu skipi hópurinn eins og fram kemur í erindisbréfinu. Minnt er á að við skipun í starfshóp skal þess gætt að hlutfall kynja sé sem jafnast sem og að fulltrúar hópsins hafi heimild til ákvarðanatöku fyrir sína starfseiningu. Starfsmaður er ekki tilgreindur enn sem komið er en gert er ráð fyrir að svo verði þegar erindisbréf er gefið út með undirritun ábyrgðarmanns.
- **Ábyrgðarmaður.** Í erindisbréfinu er gert ráð fyrir að hópurinn skili af sér til stjórnkerfis- og lýðræðisráðs og því er metið sem svo að við hæfi sé að formaður stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sé ábyrgðarmaður hópsins.
- **Starfstímabil og skil.** Ekki eru tilgreindar upplýsingar um starfstímabil í drögum. Í reglum um starfs- og stýrihópa kemur fram að starfinu skuli sett tímamörk. Rekstur upplýsingatækni mála er samfellt verkefni en rétt væri að setja hópnum sama skipunartíma og stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, þó mætti hugsa sér að erindisbréfið sé endurskoðað reglulega innan skipunartíma. Það er viðeigandi að hópurinn skili reglulega af sér tillögum og áfangaskýrslum.
- **Upplýsingar um ráðgjöf og samstarf.** Tilgreint er í erindisbréfinu að hópurinn geti leiti ráðgjafar til starfsmanna borgarinnar og annara fagaðila vegna afmarka verkefna sem er viðeigandi.

Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar